

# - LÖGREGLU - MAÐURINN

1. tbl. - 2010

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tölublað - 26. árgangur 2010 - 68. blað








Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumyndina tók Júlíus Sigurjónsson


## Efnisyfirlit...


Viðhorf lögreglumanna til þolenda afbrota og tengsl þeirra við starfsþrot ........ 4

Félagastuðningur: kreppa og fjárhagsvandi ........ 10

Meðferð kærumála og kvartana á hendur starfsmönnum lögreglu ........ 14

Forgangsakstur ........ 20

Íþróttir ........ 26







Lögreglumaðurinn er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is


## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Hvað kostar það!*



*Þá er komið að því! Frumvarp til breytinga á lögreglulögum hefur verið lagt fram á Alþingi Íslendinga. Til stendur að gera skipulagsbreytingar í lögreglu sem miða að því að fækka, stækka, efla og bæta lögregluembættin í landinu! Hefur einhver heyrt þessi orð áður? Breytingarnar nú snúa að því að fækka lögregluembættunum í landinu úr fimmtán í sex auk embættis Ríkislögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Skipulagsbreytingarnar, sem farið var í árið 2007, hafa af sumum verið kallaðar „lúxusbreytingar". Nú kveður hinsvegar við annan tón eða eins og segir í greinargerð starfshóps um sameiningu lögreglunnar, sem skilað var til dómsmálaráðherra í október 2009.*

*„Í ljósi góðrar reynslu af fækkun lögregluumdæma ákvað dómsmálaráðherra að fara yfir stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, ásamt umdæma- og verkefnaskiptingu. Slík endurskoðun er brýn í ljósi erfiðra aðstæðna í fjármálum ríkisins. Leita þarf leiða til að þeir fjármunir sem veitt er til löggæslu nýtist sem allra best. Markmið skipulagsbreytinga eru ekki síst að auka möguleika til að mæta lægri fjárveitingum með hagræðingu fremur en niðurskurði þjónustu."*

*Hér er s.s. ekki verið að fara í „lúxusbreytingar". Breytingarnar eru fyrst og fremst knúnar áfram af fjárhagslegum ástæðum enda öllum ljós sú erfiða staða sem blasir við í ríkisfjármálunum.*

*Ég leyfi mér að fullyrða hér að þeir séu fáir lögreglumennirnir, sem kannast við það að breytingarnar 2007 hafi verið „lúxusbreytingar". Þeir eru ábyggilega jafnfáir sem kannast við það að fjármunir til löggæslu hafi ekki verið vel nýttir og til hins ýtrasta!*

*Lögreglan hefur gengið í gegnum ýmsar skipulagsbreytingar í áranna rás, allt frá niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins árið 1997 og raunar löngu fyrir þann tíma. Í yfirliti um þessar skipulagsbreytingar, sem er að finna á heimasíðu LL, má lesa eftirfarandi úr umsögnum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna þeirra skipulagsbreytinga sem lögreglan hefur og er að ganga í gegnum:*

*1997 – Gert var ráð fyrir því að kostnaðarauki á ári, með þessum breytingum, yrði 5 - 19,5 m.kr.*

*2007 – Gert var ráð fyrir innbyrðis hagræðingu í löggæslugeiranum, með þessum breytingum og því var áætlaður kostnaðarauki vegna þeirra 0,- kr.*

*2010 – Gert er ráð fyrir því að heildarsparnaður geti verið á bilinu 330 – 450 m.kr. á ári, allt eftir því hvað starfsmönnum verður fækkað mikið!*

*Í sameiningaráformum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að hagræði, vegna sameininga ríkisstofnana geti orðið á bilinu 10 – 15% og væri sparnaðurinn, í lögreglu, þá á bilinu 700 – 1.000 m.kr!*

*Engar upplýsingar virðast liggja fyrir um það nokkursstaðar hvað skipulagsbreytingar í lögreglu hafa kostað hingað til. Heyrst hafa raddir í fjölmiðlum sem fullyrða að breytingarnar kosti ekkert og hægt sé að veita mun betri þjónustu með minni tilkostnaði! En er það í raun svo? Er það þá þannig að það hafi í raun verið eitthvert bruðl í rekstri lögreglu hingað til?*

*Á hinum Norðurlöndunum hafa einnig átt sér stað skipulagsbreytingar á sömu eða svipuðum nótum og hingað til hefur verið að gerast hér á landi, þ.e. fækkun og stækkun embætta.*

*Í leiðara sínum í 2. tbl. 2010 af „Dansk Politi", fagtímariti Landssambands danskra lögreglumanna (Politiforbundet), skrifaði Peter Ibsen, formaður PF, eftirfarandi:*

*„Neyðin kennir naktri konu að spinna. Í Noregi hefur lögreglan þekkt neyð nánast alveg síðan hún gekk í gegnum miklar skipulagsbreytingar fyrir nærri átta árum. Kostnaðurinn við skipulagsbreytingarnar þar hefur verið stórlega vanáætlaður og á þessum átta árum hefur stöðugt þurft að breyta til, laga og endurfjármagna lögregluna [...]*

*Lögreglan hefur ekki sést á götunum, ósýnileg, launin hafa lækkað og lögreglan hefur verið stórlega undirmönnuð og ofurseld mikilli yfirvinnu.*

*Hljómar þetta kunnuglega?"*

*Nokkru síðar í leiðara sínum segir Peter frá því að í Noregi sé að fara í gang vinna við að finna út úr því hvað allar þessar skipulagsbreytingar hafa í raun kostað skattgreiðendur og jafnframt að hann gæti hugsað sér að slík könnun yrði framkvæmd í Danmörku. Það væri fróðlegt að sjá útkomuna úr slíkri könnun hér á landi! LL mun leita eftir því við Landssambönd lögreglumanna í Noregi og Danmörku að eiga samstarf um framkvæmd slíkrar könnunar hér á landi.*

*Til að sátt náist um framtíðarsýn í löggæslumálum, hvort sem það er hér á landi eða annarsstaðar, þarf að vera til staðar einhver stefnumörkun. Stefnumörkun til framtíðar. Til að hægt sé að vinna slíka framtíðarsýn þurfa að vera til staðar einhver markmið. Til að hægt sé að setja slík markmið þarf að liggja fyrir hvað það er sem ætlast er til af lögreglu ekki bara í nútíð og ekki eingöngu m.t.t. kostnaðar. LL hefur lagt á það áherslu, í sínum málflutningi, að til að hægt sé að átta sig á þeim kostnaði sem af því hlýst að halda úti löggæslu þurfi að vera til staðar ákveðnar grunnforsendur. Þær grunnforsendur þarf, að mati LL, að setja niður í eftirfarandi röð:*

*Skilgreina þarf ÖRYGGISSTIG á Íslandi, þ.e. hvaða öryggi Íslendingar eiga að búa við;*

*Skilgreina þarf ÞJÓNUSTUSTIG lögreglu, þ.e. hvaða þjónustu lögregla eigi að veita.*

*Þegar þessar tvær grunnskilgreiningar liggja fyrir – og það er að mati LL í hlutverki Alþingis að ganga frá þessum skilgreiningum – er fyrst hægt að fara í það að áætla:*

*MANNAFLAÞÖRF lögreglu út frá skilgreindum öryggis- og þjónustustigum*

*Loks þegar ofangreindar þrjár meginskilgreiningar liggja fyrir er fyrst hægt að ákvarða:*

*FJÁRVEITINGAR til lögreglu í samræmi við ofangreindar þrjár meginskilgreiningar.*

*Staðan er þannig í dag að við vitum hve miklum fjármunum er varið í löggæslu á Íslandi. Það er nákvæmlega skilgreint í fjárlögum. Við höfum hinsvegar ekki hugmynd um það hvort þessir fjármunir hrökkvi til þess sem lögreglu er ætlað að gera hverju sinni né hvort þessir fjármunir eru rétt áætlaðir í fjárlögum. Af því leiðir einfaldlega að við höfum ekki hugmynd um hvað það kostar að reka lögreglu! Þessi staðreynd er afleiðing af vöntun á framtíðarsýn og grunnskilgreiningum. Við vitum ekki hvað það kostar í raun að halda úti löggæslu á Íslandi?*

**Snorri Magnússon**
**formaður LL**

# Viðhorf lögreglumanna til þolenda *og tengsl þeirra við starfsþrot*





*Helga Lára Haarde*

**Viðhorf lögreglumanna til þolenda afbrota hefur verið lítið rannsakað á Íslandi en það er mikilvægt fyrir lögreglumenn að þekkja til og skilja mismunandi hegðun þolenda. Af þeim sökum kviknaði áhugi hjá mér til að kanna viðhorf íslenskra lögreglumanna til þolenda. Í samstarfi við Ólaf Örn Bragason, sálfræðing hjá embætti ríkislögreglustjóra, fékk ég því leyfi til að leggja spurningalista fyrir lögreglumenn af öllu landinu. Spurningalistarnir voru lagðir fyrir hjá öllum lögregluembættum á landinu í febrúar og mars árið 2009. Þar sem mikið hafði þá mætt á lögreglumönnum vegna mótmæla hafði ég líka áhuga á að kanna starfsþrot lögreglumanna. Í því samhengi vildi ég líka skoða tengsl starfsþrota við viðhorf lögreglumanna. Rannsókn þessi var liður í BS-ritgerð minni í sálfræði við Háskóla Íslands vorið 2009. Leiðbeinendur mínir voru Friðrik H. Jónsson og Ólafur Örn Bragason. Alls tóku 324 lögreglumenn af öllu landinu þátt í rannsókninni.**

Afbrot eru hluti af því samfélagi sem við búum í og hafa þau áhrif á líf þúsunda einstaklinga í íslensku samfélagi á hverju ári. Afleiðingar afbrota fyrir þolendur geta til dæmis verið fjárhagslegt tjón, skemmdir á eignum og líkamlegir áverkar. Ekki eru allar afleiðingar jafnsýnilegar en þunglyndi, reiði, skömm og ótti eru meðal þeirra afleiðinga sem geta verið mjög langvinnar (Cook og fleiri, 1999). Viðbrögð sem þolendur sýna við afbrotum geta verið ansi misjöfn. Sumir virðast geta komið lífi sínu í samt horf aftur eftir áfall, án teljandi erfiðleika, aðrir eiga mun erfiðara með það og sýna ýmis einkenni löngu eftir að atburðurinn átti sér stað. Það virðast þó vera ákveðin einkenni sem koma fram hjá mjög mörgum þolendum alvarlegri afbrota á borð við nauðgun, ofbeldi og rán. Það eru einkenni eins doði, einbeitingarskortur, afneitun, öryggisleysi og hjálparleysi. Einnig finna sumir fyrir líkamlegum viðbrögðum eins og niðurgangi, höfuðverk og svo framvegis. Þau viðbrögð og sú viðleitni sem þolendur afbrota fá hjá lögreglu geta haft áhrif á sjálfstraust þeirra og getu til að byggja sig upp á nýjan leik. Ef þolandi mætir ásakandi viðhorfi og vantrú hjá lögreglu getur það ýtt undir þá skoðun að hann sé ekki þess verður að fá aðstoð og að hann eigi sök á afbrotinu. Ef hins vegar þolandi mætir umhyggju og skilningi hjá lögreglu á hann auðveldara með að trúa því að hann geti verið öruggur í framtíðinni (Stephens og Sinden, 2000).

## *Viðhorf til þolenda*

*Staðalímyndir um þolendur*

Fólk virðist hafa ákveðnar hugmyndir um þolendur afbrota og býst við ákveðnum viðbrögðum og ákveðinni hegðun. Fólk væntir þess einnig að þau séu í



# afbrota



samræmi við alvöru afbrotsins. Rose, Nadler og Clark (2006) sýndu fram á að fólk býst við því að þolendur muni sýna viðbrögð sem eru í samræmi við alvöru afbrotsins. Kaufmann, Drevland, Wessel, Overskeid og Magnussen (2003) rannsökuðu mat á trúverðugleika þolenda þegar þeir báru vitni. Þau vitni sem sýndu tilfinningar sem voru ekki í samræmi við það sem ætla mætti út frá alvöru afbrotsins, voru álitin minna trúverðug. Þau vitni sem sýndu tilfinningar, sem ætla mætti að væru eðlilegar í samræmi við alvöru afbrotsins, voru álitin meira trúverðug. Þau voru frekar talin vera að segja satt. Áhugavert var einnig að þátttakendur voru algjörlega ómeðvitaðir um hvaða áhrif tilfinningaleg viðbrögð vitna höfðu á mat þeirra. Aðspurðir sögðu þeir að formið og innihaldið hefðu haft jafnmikil áhrif á mat þeirra (Kaufmann og fleiri, 2003).

*Lögreglumenn og staðalímyndir*

Það er ekki einungis venjulegt fólk sem lætur stjórnast að miklu leyti af tilfinningalegum viðbrögðum þegar það metur trúverðugleika þolenda. Bollingmo, Wessel, Eilertsen og Magnussen (2008) sýndu fram á að lögreglumenn láta líka stjórnast af sömu staðalímyndum um eðlilega hegðun þolenda. Lögreglumennirnir voru ómeðvitaðir um hvernig þeir stjórnuðust af staðalímyndum og töldu sjálfir að tilfinningar þolenda hefðu ekki áhrif á mat þeirra.

Falskar ásakanir *(false allegations)* hafa nokkuð verið rannsakaðar, en með því er átt við fullyrðingu sem ekki er sönn og sett fram í þeim tilgangi að blekkja (Gibbon, 1998). Karl Ask (2008) lagði spurningalista fyrir sænska lögreglumenn og saksóknara til að meta viðhorf þeirra til þolenda afbrota. Að mati lögreglumanna og saksóknara í rannsókn Ask (2008) þótti það líklegra að ásakanir um nauðgun og rán væru falskar (meint afbrot átti sér ekki stað) heldur en ásakanir



Aðalskoðun hf.

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

AMERICAN STYLE

Alþýðusamband Íslands

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

**Reykjavík**

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
Alefli ehf. - Byggingaverktakar
Þarabakka 2
Allrahanda ehf.
Hafnarstræti 20
Allt fínt ehf.
Hrísateigi 45
Alvarr ehf. - boranir og verkfræðiþjónusta
Skipholti 68
Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi
Borgartúni 35
Antikmunir
Klapparstíg 40
Appelumboðið Skakki turnin ehf.
Laugavegi 182
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Asía ehf.
Laugavegi 10
Auglýsingastofan Dagsverk ehf.
Tryggvagötu 11
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Árbæjarapótek ehf.
Hraunbæ 115
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílamálun ehf
Hamarshöfða 10
Bílasala Guðfinns
Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bílvirkinn ehf.
Súðarvogi 46
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blikksmiðurinn hf.
Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm - Háleitisbraut 68
Háaleitisbraut 68
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbílastöðin ehf.
Skúlatúni 2
Bókaútgáfan Salka ehf
Skipholt 50c
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta
Gunnars ehf.
Ármúla 29
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf
Bergstaðarstræti 2
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Bón-Fús
Flétturima 27
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
BSRB
Grettisgötu 89
Búseti
Skeifan 19
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Cabin ehf.
Borgartúni 32
Celtic Cross ehf.
Pósthólf 399
Dalsmíði ehf
Þykkvabæ 13
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
E. Ólafsson ehf.
PO. Box 216
E.F. Ben ehf.
Dugguvogi 17-19
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Perlan ehf
Langholtsvegi 113
Elding Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.
Ægisgarði 7
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Stangarhyl 5
Englar og Rósir ehf.
Lóuhólum 2-6
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferð og saga
Grandavegi 36
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félag Skipstjórnarmanna
Grensásvegi 13
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurflugvelli
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Frumherji hf.
Hesthálsi 6-8
Fröken Júlía ehf
Álfabakka 14a
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Gáski ehf. - Sjúkraþjálfun
Bolholti 8
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Laugavegi 62
Gistiheimili Snorra Sturlusonar ehf.
Snorrabraut 61
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glermenn ehf.
Heiðarási 22
Glóbus hf.
Skútuvogi 1f
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Ármúla 42
Gnýr sf.
Stallaseli 3
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gullkistan
Frakkastíg 10
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hagi ehf.
Stórhöfða 37
Hamborgarabúllan - Geirsgötu
Box 131
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Óðinsgötu 4
Háfell ehf.
Skeifunni 11
Hárgreiðslustofan Kultura Glæsibæ
Álfheimum 74
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
HGK ehf.
Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
HIS og Hlölli
Krókhálsi 5
Híbýli og skip ehf.
Hverfisgötu 105
Hjá Jóa Fel.
Holtagörðum
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Box 372
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hókus Pókus
Laugavegi 69
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Engjategi 5
Hreyfill
Fellsmúla 26
Hreysti ehf.
Skeifunni 19
Hringrás hf.
Klettagörðum 9
Hrímfaxi ehf
Pósth.9276
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
HULA Lögmenn ehf.
Suðurlandsbraut 6
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Húsasmiðurinn ehf.
Hyrjarhöfða 6
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Höfðastál ehf.
Eldshöfða 17d
IB/Nýja Bílahöllin ehf
Eirhöfða 11
Iceland Travel ehf.
Skútuvogi 13a
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Ísold ehf,
hillukerfi - www.isold.is
Nethyl 3
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
Janusbúðin Emla ehf.
Laugavegi 25
JBS ehf. - Nonnabiti
Vættaborgum 24
Jens Guðjónsson hf.
Stigahlíð 45-47
Jóhannes Long ljósmyndari
Ásholti 2
Jón og Óskar
Laugavegi 61
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Kaffibarinn ehf.
Skólavörðustíg 25
Kaffivagninn hf.
Grandagarði 10
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
Kjaran ehf.
Síðumúla 14
Kjúklingastaðurinn Suðurveri ehf
Fljótaseli 16
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Knattborðsstofan Klöpp
Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kognam - Núðluhúsið ehf
Laugavegi 59
KOM Almannatengsl
Borgartúni 20
Kórund Kort ehf.
Skútuvogi 13
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Austurstræti 10a
Kvikk þjónustan ehf
Bíldshöfða 18 bakhús
Lagarök ehf
Síðumúla 27
LAG-Lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landsnet hf
Gylfaflöt 9
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Lausnir Lögmannastofa
Borgartúni 33
Láshúsið ehf.
Bíldshöfða 16
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Ljósin ehf.
Trönuhólum 14
Lúmex ehf.
Skipholti 37
Lækjarbrekka
Bankastræti 2
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Borgartúni 25
Lögfræðistofa Sóleyjargata 17 sf.
Sóleyjargötu 17
Löggarður ehf.
Kringlunni 7, 7. hæð
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmenn Árbæ - www./skadi.is
Nethyl 2
Lögmenn ehf.
Björgvin Jónsson hdl
Skipholti 50d
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
Lögreglufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Markaðsráð kindakjöts
Bændahöllinni v/Hagatorg
Marport ehf.
Fossaleyni 16
Málarameistarar ehf.
Logafold 188



um önnur afbrot. Þeir töldu að ein af hverjum fjórum tilkynningum um nauðganir væru falskar ásakanir. Þó að erfitt sé að meta hver raunverulegur fjöldi falskra ásakana er hlýtur það að teljast ansi mikið að löggæslustéttir telji eina af hverjum fjórum ásökunum vera falska. Lögreglumennirnir í rannsókn Ask (2008) töldu einnig að hegðun þolenda eftir afbrot væri mismunandi eftir eðli afbrotsins. Þeir töldu muninn liggja í því að þolendur nauðgana og heimilisofbeldis sýndu oftar miklar tilfinningar og væru líklegri til að kenna sjálfum sér um en þolendur annarra ofbeldisbrota. Þetta er ekki í takt við aðrar rannsóknir sem sýna að þolendur nauðgana eru jafnlíklegir til að sýna miklar tilfinningar og að sýna minni tilfinningar og halda ró sinni (Frieze og fleiri, 1987). Niðurstöður Ask (2008) gefa einnig til kynna að lögreglumenn telja, að einhverju marki, að hegðun þolenda og þær tilfinningar sem þeir sýna tengist á einhvern hátt því hvort þeir séu að segja satt. Lögreglumennirnir töldu að hegðun þolenda væri mikilvægt atriði í því að meta trúverðugleika framburðar hans.

Svo virðist því vera að lögreglumenn, líkt og venjulegt fólk, vænti tiltekinnar hegðunar frá þolendum afbrota. Þegar svo þolandi hegðar sér ekki í takt við fyrirframgefnar hugmyndir um hegðun eykur það líkurnar á því að hann verði ekki tekinn trúanlegur.

## Starfsþrot (e. burnout)

Með starfsþrotum er átt við þrálát viðbrögð við ýmsum streituvöldum í starfi manns. Þessir streituvaldar eru oft bæði tilfinningalegs og samskiptalegs eðlis (Maslach, 2003).

*Þrjár víddir starfsþrota*

Maslach telur að starfsþrot mælist í þremur víddum. Þessar þrjár víddir eru þá í fyrsta lagi tilfinningaleg örmögnun *(e. emotional exhaustion)*, en með því er átt við að vera tilfinningalega örmagna eftir samskipti við annað fólk, eiga erfitt með að slaka á, vera eirðarlaus og fleira í þeim dúr. Í öðru lagi er hlutgerving *(e. depersonalization/cynicism)*, með því er átt við kaldhæðin viðhorf og neikvæðar tilfinningar í garð annars fólks sem starfsmaður kemst í tæri við. Í þriðja og síðasta lagi er það upplifun á versnandi árangri í starfi *(e. feelings of inefficacy)*, en með því er átt við hrakandi getu eða hæfni í starfi eða erfiðleika við að takast á við málefni skjólstæðinga sinna. Þetta leiðir til þess að starfsmaður upplifir sig sem gagnslausan (Maslach, 2003).

*Orsakir starfsþrota*

Hinar þrjár víddir starfsþrota tengjast starfinu á ólíkan hátt. Tilfinningaleg örmögnun og hlutgerving geta komið fram þegar vinnuálag er mikið. Erfið og tilfinningarík samskipti geta orsakað streitu. Upplifun á versnandi árangri er hins vegar líklegri til að koma fram þegar nauðsynleg úrræði eru ekki til staðar til að klára þau verkefni sem fyrir liggja, til dæmis ekki nægjanlegur tími eða ekki rétt tæki (Maslach, 2003).

## Tilgátur

Tilgangurinn með rannsókn minni var fyrst og fremst að skoða viðhorf lögreglumanna til þolenda afbrota og athuga tengsl slíkra viðhorfa við starfsþrot. Helstu tilgátur mínar voru að þátttakendur hefðu fyrirframákveðnar hugmyndir um eðlilega hegðun þolenda og að hegðun þolenda væri á einhvern hátt lýsandi fyrir sannsögli þeirra. Búist var við að munur væri á starfsþrotum þátttakenda eftir embættum sem þeir starfa hjá. Einnig var búist við að þeir sem mældust með mikil starfsþrot væru líklegri til að hafa fyrirframákveðnar hugmyndir um þolendur.

## Helstu niðurstöður

Niðurstöður sýndu að þátttakendur höfðu nokkuð fyrirframákveðnar hugmyndir um hvað væri „eðlileg“ hegðun þolenda. Lögreglumennirnir töldu hegðun þolenda, í einhverjum tilvikum, vera merki um sannsögli. Um það bil 90% þeirra sem svöruðu töldu eftirfarandi fullyrðingar eiga að nokkru leyti við, eiga vel við eða eiga fullkomlega við: *Tilfinningaviðbrögð þolanda við frásögn segja venjulega eitthvað um sann-*





*leiksgildi frásagnarinnar og Yfirleitt er sérstök ástæða til að kanna sannleiksgildi vitnisburðar þegar þolandi tjáir sig með öðrum hætti en venjan er.*

*Jákvætt var að íslenskir lögreglumenn virðast telja það stóran hluta af sínu starfi að tryggja að vel sé komið fram við þolendur. Athyglisvert var að sjá að 89% þeirra sem svöruðu töldu fullyrðinguna Ég myndi sinna þolendum betur ef ég gæti varið meiri tíma með þeim eiga við að nokkru leyti, eiga vel við eða eiga algerlega við.*

Lögreglumenn voru einnig spurðir um hversu algengar þeir teldu falskar tilkynningar um glæpi vera (þ.e. meint afbrot átti sér ekki stað). Í ljós kom að þeir töldu líklegast að um falskar tilkynningar geti verið að ræða þegar nauðgun á í hlut. Erfitt reyndist þó að túlka þessar niðurstöður þar sem margir völdu að sleppa þessari spurningu og einnig gáfu sum svör til kynna að þátttakendur væru að misskilja spurninguna. Þetta væri samt áhugavert að skoða nánar í frekari rannsókum.

Jákvætt var að íslenskir lögreglumenn virðast telja það stóran hluta af sínu starfi að tryggja að vel sé komið fram við þolendur. Athyglisvert var að sjá að 89% þeirra sem svöruðu töldu fullyrðinguna *Ég myndi sinna þolendum betur ef ég gæti varið meiri tíma með þeim* eiga við að nokkru leyti, eiga vel við eða eiga algerlega við. Það gæti verið umhugsunarefni hversu lítinn tíma lögreglumenn hafa til að sinna þolendum, en margt kemur þar inn í, t.d. undirmönnun og vinnuálag. Það væri efni í aðra grein að gera því góð skil.

Lögreglumennirnir voru einnig spurðir um hvort þeir hefðu hlotið sérstaka fræðslu um sálfræðileg viðbrögð þolenda og svöruðu 45% því til að þeir hefðu enga slíka fræðslu hlotið en myndu vilja það. Það mætti því beina því til yfirmanna lögreglunnar að hér kemur nokkuð skýr vilji lögreglumanna fram til að fá sérstaka fræðslu um viðbrögð þolenda.

Starfsþrot mældust óveruleg en þó meiri en þegar listinn var lagður síðast fyrir sama hóp árið 2005 (María Hrönn Nikulásdóttir, 2005). Þegar niðurstöður voru bornar saman við árið 2005 mældust lögreglumenn með meiri starfsþrot á öllum víddunum sem áður hafa verið nefndar. Ástæðan gæti einfaldlega verið að í þessari rannsókn var lagt fyrir mun stærra úrtak og það lagt fyrir lögreglumenn af öllu landinu en árið 2005 var aðeins lagt fyrir á höfuðborgarsvæðinu. Heilt yfir mældust lögreglumennirnir í þessari rannsókn með mest starfsþrot á víddinni um upplifun á versnandi árangri. Borin voru saman starfsþrot lögreglumanna af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni og mældust lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu almennt hærri á víddunum um tilfinningalega örmögnun og um hlutgervingu. Ekki kom fram marktækur munur fyrir víddina um upplifun á versnandi árangri. Einnig kom í ljós að þeir sem mældust hærri á víddinni um tilfinningalega örmögnun töldu hegðun frekar vera merki um sannsögli en þeir sem mældust lægri á þessari vídd. Sömu niðurstöður komu ekki fram fyrir víddirnar um hlutgervingu og um upplifun á versnandi árangri.

### Lokaorð

Athyglisvert er að stór hluti lögreglumanna taldi hegðun þolenda vera merki um sannsögli. Þetta skapar þá hættu að þegar og ef þolendur hegða sér þvert á fyrirframgefnar hugmyndir lögreglumanna um hegðun gæti það orðið til þess að gera þolendur tortryggilega í augum þeirra. Ánægjulegt var að starfsþrot mældust óveruleg en þó áhyggjuefni að þau mælist hærri en áður. Almennt séð er ómögulegt að líta fram hjá þeim umbrotatímum sem áttu sér stað í íslensku samfélagi þegar rannsóknin var gerð. Umrót og óeirðir, samhliða gagnrýni á lögreglumenn fyrir að beita óþarfa



ofbeldi, kann að hafa áhrif á afstöðu þeirra lögreglumanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Rannsóknina má finna í heild sinni á slóðinni http://hdl.handle.net/1946/2787.

Ég vil að að lokum þakka þeim lögreglumönnum sem tóku þátt í rannsókninni sem og yfirmönnum deilda lögreglunnar fyrir aðstoð þeirra.

***Helga Lára Haarde***


Heimildir:

Ask, K. (2008). A survey of police officers´and prosecutors´ beliefs about crime victim behaviors. Óútgefið handrit.

Bollingmo, G. C., Wessel, E. O., Eilertsen, D. E., Magnussen. (2008). Credibility of the emotional witness: A study of ratings by police investigators. Psychology, Crime & Law, 14, 29-40.

Cook, B., David, F. og Grant, A. (1999). Victims' needs, victims' rights: policies and programs for victims of crime in Australia. Ástralía: Australian Institute of Criminology.

Frieze, I. H., Greenberg, M. S., Hymer, S. (1987). Describing the crime victim: Psychological reactions to victimization. Professional Psychology: Research and Practice, 18, 299-315.

Gibbon, K. L. (1998). False allegations of rape in adults. Journal of Clinical Forensic Medicine, 5, 195-198.

Kaufmann, G., Drevland, G. C. B., Wessel, E., Overskeid, G., Magnussen, S. (2003). The importance of being Earnest: Displayed emotions and witness credibility. Applied Cognitive Psychology, 17, 21-34.

María Hrönn Nikulásdóttir (2005). Starfsþrot meðal lögreglumanna í tengslum við áfallastreitu og varnarviðbrögð. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.

Maslach, C. (2003). Job burnout: New directions in research and intervention. Current Directions in Psychological science, 12, 189-192.

Rose, M. R, Nadler, J.,Clark, J. (2006). Appropriately upset? Emotion norms and perceptions of crime victims. Law & Human Behavior, 30, 203-219.

Stephens, B. J., Sinden, P. G. (2000). Victims´voices: Domestic assault victims´ perceptions of police demeanor. Journal of Interpersonal Violence. 15, 534-547.










*Ólafur Örn Bragason:*

# Félagastuðningur: *kreppa og fjárhagsvandi*



*Ólafur Örn Bragason*

**Atburðir ársins 2008 breyttu lífssýn okkar flestra. Við höfðum lifað við hagsæld og stöðugleika um nokkurt skeið og sú kynslóð sem var að koma undir sig fótunum gerði áætlanir miðað við ráðleggingar bankastofnana um greiðslumat o.fl. Þegar forsendur greiðslumats og tekna bresta getur það valdið áhyggjum og kvíða sem getur leitt til ágreinings við maka, svefnleysis, einbeitingarerfiðleika og líkamlegra umkvartana. Harðnandi efnahagur þjóðarbúsins og afleiðingar þess hafa áhrif á lögreglumenn eins og aðra. Samkvæmt tillögu stýrihóps um félagastuðning hefur ríkislögreglustjóri gefið út leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn sem eru í fjárhagsvanda.**

Markmið leiðbeininganna er að veita almenn viðmið til að samræma þann stuðning sem veittur er þegar lögreglumenn eru í fjárhagsvanda. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem við búum nú við er nauðsynlegt að mæta fjárhagserfiðleikum af skilningi og með stuðningi. En hvað er átt við með fjárhagsvanda? Það er þegar litlar eða engar líkur eru á því að einstaklingur geti staðið í skilum með fjárhagslegar skuldbindingar sínar í fyrirsjáanlegri framtíð.

Erfitt er að gefa út algild viðmið í þessum efnum og því þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. Lögreglumenn fara almennt ekki með fjárreiður embættisins og sinna ekki bókhalds- eða gjaldkerastörfum, þótt þeir innheimti stöku sinnum sektir á vettvangi. Því teljast lögreglumenn almennt ekki fara með fjárreiður embættisins sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki er heldur litið svo á að gjaldþrot kasti rýrð á störf lögreglumanna þar sem eðli og orsök skuldanna er tilkomin með eðlilegum hætti (t.d. húsnæðislán sem hefur hækkað umfram veðrými eigna).

### *Hvaða stuðningur er í boði?*

Þrennt stendur lögreglumönnum almennt til boða við þessar aðstæður: 1) einstaklings og/eða fjölskylduviðtöl hjá sálfræðingum (Líf og sál ehf.), 2) svigrúm í starfi til að geta sinnt því sem þarf að sinna í gjald-



þrotaferli eða samskiptum við lánastofnanir, 3) beri viðkomandi ábyrgð á fjárreiðum embættis skal reynt að mæta því með tímabundinni tilfærslu í starfi eða breytingum á starfsskyldum.

Oft og tíðum er mikið álag á heimilið og því gott að fara ásamt maka sínum á hlutlausan stað og ræða við hlutlausan sálfræðing sem hjálpar til við að takast á við viðkvæm málefni heimilisins. Þar sem sálfræðiþjónusta er kostnaðarsöm er hætt við því að þeir sem þurfi á henni að halda leiti ekki eftir henni. Með styrk dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins greiðir ríkislögreglustjóri hins vegar fyrir viðtölin og því ætti kostnaður ekki að vera fyrirstaða. Það geta þó verið þung skref að leita sér aðstoðar en hafa skal hugfast að án aðstoðar getur vandinn magnast. Þar að auki er það styrkleiki en ekki veikleiki að nýta sér þann stuðning sem er í boði. Þeir sem gera það þekkja eigin takmörk og þeim farnast oft betur.

Vert er að benda á að Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna www.rad.is) er starfrækt á vegum hins opinbera og þar er leitast við að aðstoða fólk í fjárhagsvanda.

Halldór Laxness sagði eitt sinn: *„Þegar öllu er á botninn hvolft, þá fer þetta allt einhvern veginn, þótt margur efist um það á tímabili.“*

Þessi orð er gott að hafa í huga þegar óvissan er mikil og kvíði og áhyggjur sækja á okkur. Kreppa fylgir oft í kjölfar alvarlegra atburða og raskar þá ástandi sem hefur verið stöðugt. Í hrunvikunni í október 2008 fundu margir annað hvort fyrir tilfinningalegum doða eða uppnámi (s.s. hræðslu, reiði, depurð og/eða vanmætti). Ástæðan fyrir þessu uppnámi er sú að fólki finnst það sitja fast og áttar sig ekki á því hvernig það á að takast á við ástandið þegar venjuleg bjargráð duga skammt. Umræða manna í milli fer þá út um víðan völl og oftar en ekki verður myndin sem fólk dregur upp mjög dökk. Staðreyndin er hins vegar sú að ef við höfum ekki nægar upplýsingar er ógjörningur að spá hvað framtíðin ber í skauti sér. Hættan er sú að þessar hugsanir og umræða manna í milli gerir lítið annað en að auka á hræðslu og ótta. Við vitum ekki hvernig þetta endar en við getum verið viss um að ástandið verður öðruvísi en það var áður en ósköpin dundu yfir. Því er mikilvægt að eyða ekki allri orkunni í að hugsa um framtíðina á meðan við gleymum nútíðinni sem er miklu mikilvægari. Við verðum líka að átta okkur á því að kreppa er tímabundið ástand sem hefur sitt upphaf og sinn endi. Kreppa varir ekki að eilífu. Þetta er ástand sem tekur enda.

### *Hvað er mikilvægast?*

Á tímum sem þessum er mikilvægt að átta sig á því hvernig brugðist er við álagi. Eru viðbrögð okkar uppbyggileg og hjálpleg eða niðurrífandi og vinna gegn okkur?

Gott er að skoða hvernig við getum tekist á við



álagið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og leitað mismunandi leiða til þess. Það er líklegt að við notum alltaf sömu lausnirnar og þó að þær séu góðar þá er betra að eiga uppi í erminni fleiri en eina því það er svo misjafnt hvað við þurfum að takast á við. Eins kann að vera að þær lausnir sem við notum að jafnaði hjálpi okkur ekki mikið við þessar aðstæður.

### *Að leggja áherslu á eðlilegt líf*

Það hjálpar að leggja áherslu á eðlilegt lífsmynstur. Með því er átt við að halda fast í daglegar venjur, siði og reglur. Það er eflaust erfitt fyrir þá sem eru búnir tapa peningum eða skulda mikið og horfa fram á mikla erfiðleika að halda uppi daglegum venjum. Það er hins vegar engin hjálp í því að bregða mikið út af venjum okkar. Að sinna hversdaglegum málefnum, s.s. heimilisverkum, fjármálum heimilisins, viðhaldi á

*Harðnandi efnahagur þjóðarbúsins og afleiðingar þess hafa áhrif á lögreglumenn eins og aðra. Samkvæmt tillögu stýrihóps um félagastuðning hefur ríkislögreglustjóri gefið út leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn sem eru í fjárhagsvanda.*


BETRI BÍLAR ehf.
BÍLAVERKSTÆÐI

SOS
Tölvuhjálp
Er tölvan biluð?
Við lögum hana!
Komum í heimahús.
Sími 864 0931 • sos@alf.is

P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR

EJS
1939 70 2009

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Málningarþjónustan
Litaval ehf.
Garðsstöðum 44
Málþing ehf.
Ingólfsstræti 3
Merkismenn ehf.
Ármúla 36
Minjavernd
Amtmannsstíg 1
Móa - íslensk smyrsl og heilsuvörur -www.moa.is
Kóngsbakka 8
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Hafnarhúsinu Box 290
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múli ehf.
Hagamelur 21
Múrþjónusta Braga
Miklubraut 24
Myllan Brauð hf.
Skeifunni 19
Myndhönnun ehf
Suðurlandsbraut 6
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Hátúni 12b
Nesdekk ehf.
Fiskislóð 30
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Neyðarþjónustan ehf
Laugavegi 168
North - Bygg ehf.
Þverási 25
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Nýja sendibílastöðin hf.
Knarrarvogi 2
Pegasus hf. Sóltúni 24
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Pipar og salt
Klapparstíg 44
Pípulagnaverktakar ehf.
Langholtsvegi 109
Pjakkus Preladus ehf.
Ármúla 42
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Prikið
Bankastræti 12
Profilstál ehf.
Smiðshöfða 15
Raffélagið ehf.
Kambaseli 21
Rafloft ehf
Súðarvogi 20
Rafsvið sf.
Þorláksgeisla 100
Raftíðni ehf.
Grandagarði 16
Ragnar og Guðjón ehf.
Espigerði 2
Rannsóknastofa í lyfja-og eiturefnafræði H.Í.
Hofsvallagötu 53
Rauðará - Veitingahús
Rauðarárstíg 39
Rikki Chan ehf
Kringlunni 8-12
Rizzo Pizzeria ehf.
Grensásvegi 10
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Safalinn
Dugguvogi 3 bakhúsi
Samhjálp félagasamtök
Stangarhyl 3a
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Securitas hf.
Síðumúla 23
Sendibílar og hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Grettisgötu 89
Shalimar
Austurstræti 4
Sigmundur Hannesson hrl
Pósthússtræti 13
Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúli 7
Símabær ehf.
Þönglabakka 1
Sjálfstæðisflokkurinn
Háaleitisbraut 1
Sjómannadagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjóvík ehf
Borgartúni 27
Skaftfell
Sundaborg 3
Skefjar hf
Laugavegi 182
Skerjaver
Einarsnesi 36
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skóverslunin-Iljaskinn
Háaleitisbraut 58-60
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Smith & Norland hf.
Nóatúni 4
Smurstöðin Klöpp ehf.
Vegmúla 4
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74
Staðalhús sf.
Síðumúla 31
Stálbyggingar ehf.
Hvammsgerði 5
Stálprýði ehf.
Súðarvogi 34
Stepp ehf
Ármúla 32
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Stjarnan ehf.
Suðurlandsbraut 46
Stjörnuegg hf.
Vallá, Kjalarnesi
Stólpi ehf.
Klettagörðum 5
Stórborg - Fasteignasala
Kirkjustétt 4-6 - 2.hæð
Strætó bs
Þönglabakka 4
Studio 4 - Nasa veitingar
v/Austurvöll
Suzuki umboðið ehf
Skeifunni 17
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
Sögn ehf.
Seljavegi 2
Söluturninn Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Takk hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2
Talnakönnun
Borgartúni 23
Tandur hf.
Hesthálsi 12
Tankahreinsun Magnúsar slf
Garðastöðum 14
Tannlæknastofa Ingólfs Eldjárn
Vegmúla 2
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Skólavörðustíg 14
Tannréttingar sf.
Snorrabraut 29
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Nethyl 2c
Textíll og Kaffi Loki
Lokastíg 28
TGM Ráðgjöf
Ármúla 38
Tímaritið Lifandi Vísindi - Elísa Guðrún ehf.
Klapparstíg 25-27
Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27 5hæð
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Síðumúla 21
Túnþökuþjónustan ehf.
Lindarrvaði 2
Tölvu- og verkfræðiþjónustan
Grensásvegi 16
Tölvubókhald sf.
Ármúla 19
Tölvu-og tækniþjónustan hf.
Grensásvegi 8
Tösku- og hanskabúðin hf.
Skólavörðustíg 7
Útfararstofa Íslands ehf.
Suðurhlíð 35
Útfararþjónustan ehf.
Fjarðarási 25
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Brautarholti 16
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Carúsó
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Lækjargötu 4
Veitingahúsið Lauga-ás
Laugarásvegi 1
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11
Verkstólpi ehf.
Mávahlíð 31
Vernd - Fangahjálp .
Laugateigi 19
Verslunin Fríða frænka ehf.
Vesturgötu 3
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturborg ehf.
Ásvallagötu 19
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaverkstæðið Kistufell
Tangarhöfða 13
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar
Funahöfða 14
Véltækni hf.
Stórhöfða 35
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Við og Við sf.
Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf.
Sundaborg 1
Vífilfell hf.
Stuðlahálsi 1
Víkur-ós ehf.
Bæjarflöt 6
Vínberið
Laugavegi 43
VR
Kringlunni 7
Wilsons Pizza ehf.
Gnoðarvogi 44
YL-Hús ehf.
Bíldshöfða 12
Þórshamar ehf.
Bárugötu 40
Þórtak ehf.
Brúnastöðum 73
Öryrkjabandalag Íslands
Hátúni 10

## Seltjarnarnes

About Fish Íslandi ehf.
Austurströnd 3
Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Nesskip hf.
Austurströnd 1
Parketþjónusta - Falleg gólf ehf.
Nesbala 25
Tannlæknastofa Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Eiðistorgi 15
Önn Verkfræðistofa ehf.
Eiðistorgi 15

## Vogar

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2

## Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Bæjarlind 4
Allt mögulegt ehf.
Engihjalla 11
Allt-af ehf. Baugakór 30
Ásborg sf.
Smiðjuvegur 11
Bergnes ehf.
Smiðjuvegi 4
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bílalakk ehf.
Skemmuvegi 14,blá gata
Bílar og tjón ehf.
Skemmuvegi 44m bleik gata
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bæjarlind 2
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf.
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bjarni Runólfsson
Álfatúni 13
BJ-verktakar ehf.
Bergsmára 8
Blikkarinn hf.
Auðbrekku 3-5
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Bókasafn Kópavogs
Hamraborg 6a
Catalína
Hamraborg 11
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Elnet tækni ehf.
Dalvegi 16b
Eyfeld ehf. Hlíðarsmára 13
Fabrik ehf. - Gallerí Fold
Reynihvammi 22
Ferðaskrifstofan Plúsferðir
Hlíðasmára 15
Flugfélagið Ernir ehf.
Birkigrund 4
Freyðing ehf.
Kórsölum 1
Funi ehf
Smiðjuvegi 74
Gólflist ehf. Skálaheiði 1
Grasavinafélagið Gunnarshólma
Gunnarshólma
Gullsmiðja Óla
Smáralind
H. Hauksson ehf.
Víkurhvarfi 5
Hefilverk ehf.
Jörfalind 20
Hugbúnaður hf.
Engihjalla 8
Hvammur ehf.
Elliðahvammi
Ísfrost ehf
Smiðjuvegi 11 e
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Kjöthúsið ehf
Smiðjuvegi 24d Rauð gata
Kópavogsbær
Fannborg 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Lakkskemman ehf.
Skemmuvegi 30, blá gata



húseign og þátttöku í félagsstarfi skiptir miklu máli. Þetta eru þættir sem leika stórt hlutverk í sjálfsmynd okkar og velferð og því mega þessir þættir ekki falla út þótt útlitið sé dökkt.

Að leggja áherslu á eðlilegt líf er sérstaklega mikilvægt í fjölskyldusamhengi því fjölskyldulífið treystir á vanann og allar meiri háttar breytingar geta valdið öryggisleysi og kvíða. Það er því mikilvægt að reyna að halda uppi eins eðlilegu fjölskyldulífi og hægt er miðað við aðstæður. Halda í þær reglur sem gilt hafa um almenn atriði eins og hvenær vaknað er á morgnana, matartímar, samverustundir fjölskyldunnar og fleira.

Ekki má gleyma því sem er skemmtilegt og veitir okkur ánægju. Það er auðvelt að ýta slíku út af borðinu þegar á móti blæs því áhyggjurnar eru svo miklar. Það hjálpar ekki að velta sér upp úr áhyggjum því það hefur aldrei leyst neina hnúta. Það er býsna þungt að vera stöðugt að hugsa um dapurt ástand eða afleiðingar alvarlegra atburða. Það er því mikilvægt að gleyma því ekki að það er hægt að sleppa áhyggjum um stund og gera e.h. sem þú eða fjölskylda þín getur gert án þess að það kosti mikið eða sé mikil fyrirhöfn.

### *Að byggja sig upp*

Við byggjum upp hæfni okkar til að takast á við alvarlega atburði með því að lifa heilsusamlegu lífi. Heilsusamlegt líf þýðir m.a. að við hugum að því hvað veldur okkur streitu. Ýmsir þættir í daglegu lífi okkar skapa streitu og það er í okkar þágu að breyta þessum þáttum þannig að við losnum við álagið sem þeir valda. Tökum dæmi: Ef við erum með mörg verkefni gætum við þurft að fækka þeim, ef erfiðleikar eru í sambúð er mikilvægt að vinna úr því. Við eigum að leysa deilur og ágreining og vera ekki alltaf á síðsta snúning.

Mikilvægt er að gæta grunnþarfa okkar (þ.e. mataræði, svefn og hreyfing). Það er gott að skoða hvernig við lifum lífinu. Njótum við lífsins eða erum við stöðugt að hlaupa á eftir strætisvagninum án þess að ná honum. Skiptum við okkur á milli vinnu og einkalífs eða rennur þetta allt saman? Hvernig hlúum við að okkur og hvernig byggjum við okkur upp? Gefum við okkur tíma til að sinna öðru fólki? Njótum við þess sem er skemmtilegt og gaman? Það getur verið hjálplegt að staldra reglulega við og spyrja sjálfan sig þessara spurninga, jafnvel hugsa þær upphátt eða deila þeim með einhverjum sem við treystum. Að lokum er vert að hafa það hugfast að *„demantur er kolabiti sem stóð sig vel undir pressu.“* (ók. höf.)

***Höfundur starfar sem sálfræðingur á stjórnsýslusviði embættis ríkislögreglustjóra.***

*Það getur verið hjálplegt að staldra reglulega við og spyrja sjálfan sig þessara spurninga, jafnvel hugsa þær upphátt eða deila þeim með einhverjum sem við treystum.*

BYR SPARISJÓÐUR HAFNARFIRÐI
BÆJARBAKARÍ
Einhamar Ecological seafood from Iceland
Endurskoðun & ráðgjöf ehf.
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
FULBRIGHT
Góa-Linda
PRENTSMIÐJAN stapaprent
Grófin 13c • 230 Reykjanesbær
Sími 421 4388 • stapaprent@simnet.is

*Pétur Berg Matthíasson:*

# Meðferð kærumála og kvartana *á hendur starfsmönnum lögreglu*



*Pétur Berg Matthíasson*

**Mikið hefur mætt á starfsmönnum lögreglunnar síðastliðin tvö ár. Ber þar hæst það þrekvirki sem lögreglumenn unnu í kjölfar efnahagshrunsins og náði hámarki með búsáhaldabyltingunni í janúar 2009. Einnig má nefna mótmæli vörubílstjóra vorið 2008, fjölda kannabisræktana sem lögreglan hefur stöðvað auk holskeflu innbrota og þjófnaðarmála í kjölfar hrunsins. Á sama tíma og mikið hefur mætt á lögreglunni hafa störf hennar verið undir auknu eftirliti, ef svo má segja, af hálfu almennings og fjölmiðla. Mál hafa m.a. komið upp sem vakið hafa athygli fjölmiðla þar sem starfsmenn lögreglunnar hafa verið ásakaðir um brot við framkvæmd starfa.**

Starfsmenn lögreglunnar geta átt von á því að kvartað sé yfir störfum þeirra alveg eins og aðrar starfsstéttir. Störf lögreglunnar eru hins vegar ekki sambærileg störfum neinna annarra starfsstétta og fyrir vikið er gerð aukin krafa um fagleg vinnubrögð og sanngjarna málsmeðferð í störfum hennar. Kærur á hendur starfsmönnum hins opinbera eru ekki algengar en eðli starfs lögreglumanna setur þá oft og tíðum í þannig kringumstæður að stutt kann að þykja á milli lögmætrar aðgerðar og ætlaðs brots. Stór hluti kærumála á hendur starfsmönnum lögreglunnar tengist handtökum þannig að kærðar eru ólögmætar handtökur og/eða harðræði í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefum. Ekki er óalgengt að átök eigi sér stað þegar skerða þarf persónufrelsi einstaklings með valdbeitingu.

Það er áhugavert að skoða kerfið hér á Íslandi um meðferð kæru og kvartana á hendur starfsmönnum lögreglu samanborið við önnur lönd, s.s. England/Wales og Skotland en þar hefur mikil framþróun verið á síðastliðnum árum. Tilgangur þessarar greinar er m.a. að vekja athygli á nokkrum veikleikum íslenska kerfisins, sérstaklega í tengslum við aðgengi almennings að upplýsingum og verklag lögreglunnar um móttöku og skráningu kvartana en það þarf að skrásetja og gera gegnsærra. Telja verður jákvætt að ríkissaksóknari gefi árlega út tölur um fjölda kærumála á hendur starfsmönnum lögreglunnar en greina mætti þessar upplýsingar betur svo að lögreglan geti nýtt þær við að endurskoða starfsemina.

### *Kvartana- og kærukerfið á Íslandi*

Það er ekki til formlegt kvartana- og kærukerfi vegna starfsmanna lögreglunnar á Íslandi. Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur til viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum. Yfirstjórnir lögregluembætta taka á kvörtunum hver með sínu lagi en lítið hefur verið gert í að samræma þau vinnubrögð. Á heimsíðu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis er meðferð kærumála og kvartana vegna lögreglu skilgreind sem eitt af hlutverkum ráðuneytisins en það er ekki skýrt nánar hvað í því felst.

Í 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um meðferð kærumála á hendur starfsmönnum lögreglu. Megininntak ákvæðisins er að beina skuli slíkum málum til ríkissaksóknara sem fer með rannsókn, hann



getur beitt þeim heimildum sem lögreglan hefur og ber lögreglu að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn málanna. Ríkissaksóknari gaf út fyrirmæli/leiðbeiningar (RS: 6/2009) 1. september sl. sem leystu af hólmi eldri fyrirmæli (RS: 1/2001) um sama efni, þar sem farið var nánar yfir það verklag sem unnið skyldi eftir þegar einstaklingur kærir starfsmann lögreglu. Í fyrirmælunum er m.a. fjallað um kærumóttöku, vanhæfi, framsendingu kæru, auk þess sem greint er á milli kæru og kvörtunar.

Fyrirmæli ríkissaksóknara má skilgreina sem verkferla en ekki kerfi og eru þau ætluð lögreglunni en ekki almenningi. Almenningur getur nálgast þessar reglur á heimasíðu ríkissaksóknara en þær eru hvorki aðgengilegar né til þess fallnar að leiðbeina almenningi á fullnægjandi hátt enda ekki settar fram í þeim tilgangi.

### *Meðferð kvartana og kærumála í Bretlandi*

Bretar hafa ætíð verið framarlega í þróun nýrra verkferla og vinnubragða til að auka gegnsæi og aðgengi almennings á Englandi og í Wales að lögreglunni. Innanríkisráðuneytið í Bretlandi lagði fram drög að nýju skipulagi til að taka við kærum og kvörtunum á hendur starfsmönnum lögreglunnar árið 2001. Nýja skipulagið komst í gagnið árið 2004 með því að sett var á laggirnar sjálfstæð stofnun, Independent Police Complaint Commission/IPCC, utan lögreglunnar til að hafa yfirumsjón og eftirlit með því hvernig lögregluembættin bregðast við kvörtunum, auk þess sem stofnunin hefur heimild til frumkvæðisrannsókna. Í Bretlandi (England/Wales) er talað um kerfi fyrir kvartanir og er þá átt bæði við almennar kvartanir og kærur á hendur starfsmönnum lögreglunnar.

### *Meðal markmiða nýja skipulagsins er að:*

- auka traust almennings, auka traust á störfum lögreglunnar og nýja skipulaginu
- auka aðgengi, gegnsæi og sjálfstæði þeirra sem ábyrgð bera á rannsóknum málanna
- hraða málsmeðferð kvartana og kærumála
- auka samskipti við þá sem leggja fram kvartanir og kærur
- bæta gagnaöflun, samantektir og birtingu tölfræðiupplýsinga um fjölda kvartana og kærumála



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Lakksmiðjan ehf
Smiðjuvegi 4e
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafsetning ehf.
Björtusölum 13
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Rúmfatalagerinn hf.
Smáratorgi 1
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sérverk ehf.
Askalind 5
Sjúkranuddstofa Silju
Huldubraut 2
SL Rekstrarfélag ehf.
Hagasmára 1
Sláttuvélamarkaðurinn
Smiðjuvegi 11
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin ehf.
Dalvegi 16a
Suðurverk hf.
Hlíðarsmára 11
Svansprent ehf.
Auðbrekku 12
Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 8
Varmi ehf.
Auðbrekku 14
Verkfræðistofa Erlends
Birgissonar
Bæjarlind 4
Vídd ehf. Bæjarlind 4
VSI Öryggishönnun
og ráðgjöf ehf.
Hamraborg 11
Ökukennsla Sigurðar
Þorsteinssonar
Bollasmára 8

## Garðabær

10-11/Hraðkaup
Lyngási 17
A.Þ. Þrif ehf.
Skeiðarási 12
Ásgarður -
Íþróttamiðstöðvarnar Garðabæ
Ásgarði
Blikksmiðja Benna J.
Lyngási 11
Dráttarbílar ehf.
Skeiðarási 4
Dýraspítalinn í Garðabæ
Kirkjulundi 13
Elektra ehf.
Lyngási 11
G.H. Ljós ehf.
Garðatorgi 7
Garðabær
Garðatorgi 7
Geislatækni ehf. - Laser-
þjónustan
Suðurhrauni 12c

H. Filipsson ehf.
Miðhrauni 22
Hafnasandur hf.
Birkiás 36
Hagráð ehf.
Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf.
Móaflöt 41
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Járnsmiðja
Árna H. Jónssonar ehf
Bjarkarási 16
Krókur Bílastöð ehf
Suðurhrauni 3
Samhentir-Kassagerð ehf.
Suðurhraun 4
Tannlæknastofa Engilberts
Snorrasonar
Garðatorgi 3
TM Mosfell ehf
Holtsbúð 93
Vefur ehf.
Hagaflöt 2
Öryggisgirðingar ehf.
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

AGK ehf
Fornbúðum 12
ALCAN á Íslandi hf.
Straumsvík
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Batteríið ehf. Trönuhrauni 1
Bátaraf
Box 52, Suðurgötu 106
Bifreiðaverkstæði Brands
Sigurðssonar
Kaplahrauni 7
Dalakofinn sf. - Firði
Fjarðargötu 13-15
Fiskvinnslan Útvík ehf
Eyrartröð 7-9
Fjarðarbakarí ehf.
Dalshrauni 13
Fjarðargrjót ehf.
Furuhlíð 4
Fjarðarkaup ehf.
Hólshrauni 1
Fura málmendurvinnslan ehf.
Hringhellu 3
G. Ingason hf.
Hvaleyrarbraut 3
Gamla Vínhúsið - A. Hansen
Vesturgötu 4 p.Box 45
Grafika ehf. www.grafika.is
Miðvangur 108
H. Jacobsen ehf.
Reykjavíkurvegi 66
H.B. Búðin Hafnarbræður hf.
Strandgötu 26-28
Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
Halldór Gíslason verktaki
Stapahraun3
Heildverslunin Donna ehf.
Háahvammi 16
Hrafnistuheimilin
Hraunvangi 1
Hönnunarhúsið ehf.
Bæjarhrauni 2

Íshestar - Íslenskar
hestaferðir hf.
Bæjarhrauni 2
Japanskar-vélar ehf.
Dalshrauni 26
Jeppahlutir 4X4 ehf.
Íshellu 4
Klettur Skipaafgreiðsla
Fornubúðir 5
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lipurð ehf.
v/Helluhraun
Mjólka
Eyrartröð 2a
Nonni Gull
Strandgötu 37
PON
Pétur O. Nikulásson ehf.
Melabraut 23
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
Rafhitun ehf.
Kaplahrauni 7a
RB Rúm ehf.
Dalshrauni 8
Spissar ehf.
Hvammabraut 12
Sportarinn
Flatahrauni 5a
Trefjar ehf.
Óseyrarbraut 29
Verkþjónusta
Kristjáns ehf.
Pósthólf 172
Vélaverkstæði Hjalta
Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Vélrás ehf.
Rauðhellu 16
Zinkstöðin - Stekkur ehf.
Berghellu 2

## Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargarði 8
Bergnet ehf.
Hafnargötu 36
BG Bílakringlan ehf.
Grófinni 8
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Eignarhaldsfélagið
Áfangar ehf.
Hafnargötu 90
Fagtré ehf.
Suðurgarði 5
Fjóla Gullsmiður ehf.
Hafnargötu 21
Föndurkot-útisport
Hafnargötu 6
Grímsnes ehf.
Pósthólf 380
Ísfoss ehf.
Hafnargötu 60
Langbest ehf.
Keilisbr.-Bygging 771
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Olsen Olsen
Hafnargötu 17
PA hreinsun
Norðurvöllum 56

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
RKÍ Suðurnesjadeild
Smiðjuvöllum 8
Rörvirki sf.
Óðinsvöllum 11
S.B.K. ehf.
Grófinni 2-4
Smur og hjólbarðaþjónustan
Framnesvegi 23
Sparisjóðurinn
í Keflavík
Tjarnargötu 12
Starfsmannafélag Suðurnesja
Hafnargötu 15
Tannlæknastofa Einars Magn-
ússonar ehf
Skólavegi 10
Triton sf. - Tannsmíðastofa
Tjarnargötu 2
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Verslunarfélagið Ábót ehf.
Vesturgötu 37

## Keflavíkurflugvöllur

Fagræsting ehf
Leifsstöð - Box 339
Lögreglustjórinn á Suð-
urnesjum
Grænási
Miðnesheiði ehf.
Flugstöð Leifs Eiríks
Suðurflug ehf.
Bygging 787
Kefl.flugv/Bygging 787

## Grindavík

E.P. verk ehf.
Víkurbraut 2
EVH Verktakar ehf.
Tangarsundi 1
Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
Hafsteinn Sæmundsson
Mánagata 19
Haustak ehf
Hafnargötu 12
Northen light inn
Grindavíkurbraut 1
Sjómanna- og
vélstjórafélag Grindavíkur
Hafnargötu 9
Vísir hf.
Hafnargötu 16
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Fiskmarkaður
Suðurnesja hf.
Hafnargata 8
Flugfiskur ehf.
Box 45
Leifur Ölver Guðjónsson
Glaumbær

## Garður

Amp Rafverktaki ehf.
Lyngbraut 1
Aukin Ökuréttindi
Ósbraut 5
S.I. Raflagnir ehf.
Heiðartúni 2
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

## Njarðvík

Bílaþjónusta GG ehf.
Brekkustíg 42d
Fitjavík ehf
Fitjum
Hár - og rósir ehf.
Tjarnarbraut 24
Plexigler ehf
Borgarvegi 44
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14

## Mosfellsbær

Álafoss - verksmiðjusala ehf.
Álafossvegi 23,
Blikksmiðjan Borg ehf.
Flugumýri 8
Ferðaleiðir ehf. - Hópferðir
Reykjavegi 60
Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
Glertækni ehf.
Völuteigi 21
Gunnar Hilmar Sigurðsson
Laxatungu 57
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Tröllateigi 20
Hestaleigan Laxnesi ehf -
www.laxnes.is
Laxnesi
Hópferðabílar Jónatans Þór-
issonar ehf
Barrholti 14
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Ístex hf. Íslenskur textíliðnaður
Völuteig 6
K.B. Umbúðir ehf.
Barrholti 33
Kaffi Kidda Rót
Háholt 13 - 15
Kjósarhreppur
Ásgarði - Kjós
Matfugl ehf. Völuteigi 2
Réttingaverkstæði
Jóns B. ehf.
Flugumýri 2
SM Kvótaþing ehf.
Laugavegi 170-172

## Akranes

Akraborg ehf.
Kalmannsvöllum 6
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
GT tækni ehf
Grundartanga
Mozart Hársnyrtistofa
Skagabraut 31

Innanríkisráðuneytið í Bretlandi var meðvitað um að nýja skipulagið gæti stuðlað að fjölgun kvartana og kærumála á hendur lögreglunni. Breytingin var álitin nauðsynleg, þótt hún kynni að vera óþægileg, þar sem til lengri tíma litið myndi traust almennings á lögreglunni aukast. Einnig var talið að nýja skipulagið yrði hvatning til lögregluembætta um að bæta þjálfun og fræðslu til að tryggja faglegri vinnubrögð og draga þar með úr líkum á kvörtunum.

### *Hvenær má leggja fram kvörtun eða kæru?*

Á síðustu árum hefur nýtt skipulag um kvartanir (police complaints = kvartanir og kærur) einnig verið innleitt í Skotlandi. Kerfin í bæði Englandi/Wales og í Skotlandi eiga að stuðla að auknu gegnsæi og bæta aðgengi almennings. Skipulagið í Englandi/Wales færir IPCC-stofnuninni mun víðtækari heimildir en sambærileg stofnun í Skotlandi og getur IPCC m.a. tekið yfir rannsókn allra kvartana og kæra. Til að einfalda ferlið fyrir almenningi hefur verið skilgreint hvenær einstaklingur getur lagt fram kvörtun eða kæru og af hvaða tilefni.

### *Einstaklingur hefur rétt til að leggja fram kvörtun eða kæru í Bretlandi ef hann:*

- telur að starfsmaður lögreglunnar hafi farið illa með hann
- telur að starfsmaður lögreglunnar hafi verið dónalegur eða beitt óhóflega miklu valdi
- var á svæði þar sem meint ólöglegt athæfi starfsmanns lögreglunnar átti sér stað, varð vitni að atvikinu (sá eða heyrði) eða varð fyrir andlegu áfalli þegar það gerðist (þarf ekki að vera þolandi brots)
- varð fyrir áfalli vegna þess að vinur eða ættmenni þurfti að þola illa meðferð af hendi starfsmanns lögreglunnar
- er fulltrúi einhvers sem lent hefur í þeim aðstæðum sem nefndar hafa verið hér að ofan

Þegar Bretar innleiddu nýja skipulagið árið 2004 var talið mikilvægt að koma því á framfæri að það næði til allra lögreglumanna óháð starfsstigi og einnig til annarra starfsmanna lögreglunnar. Þarna kemur ef til vil fram það sem gerði íslenska kæruferlið að einhverju leyti framar því breska til ársins 2004, en í Bretlandi voru háttsettir lögreglumenn settir í annars konar ferli fyrir árið 2004 auk þess sem special police constable (nokkurs konar héraðslögreglumaður) og borgaralegir starfsmenn voru oft og tíðum undanskildir kvartanakerfinu (bæði kvörtunum og kærum).

Það er hins vegar ekki hægt að kvarta yfir öllu og IPCC-stofnunin tekur ekki við kvörtunum vegna stefnumótunar embættis, verklagsferla eða annarra þátta sem snúa að verklegri framkvæmd lögregluliða.




Ef almenningur er t.a.m. óánægður með vinnutíma lögreglumanna á að bera það undir viðkomandi lögreglustjóra.

### *Kærumóttaka: aðgengi, gegnsæi og skráning*

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 6/2009 um meðferð kæru á hendur starfsmanni lögreglu er fjallað um kærumóttöku. Þar segir m.a. að leiti einhver til lögreglu til þess að kæra starfsmann í lögreglu fyrir brot í starfi skal taka við kærunni þótt starfsmaðurinn starfi hjá því lögregluliði sem kærandinn hefur leitað til. Ekki má vísa kærandanum annað með erindi sitt. Sams konar ákvæði var einnig í eldri fyrirmælum. Þetta fyrirkomulag er að mestu leyti óhjákvæmilegt hvort sem það er í Bretlandi eða á Íslandi. Ef verklagið ætti að vera öðruvísi myndi það að öllum líkindum verða flóknara og kalla á sérstakan viðbúnað ríkisvaldsins.

Ekki líður öllum vel með að fara inn á lögreglustöð til að leggja fram kæru á hendur starfsmanni lögreglu og gefa skýrslu fyrir framan lögreglumann sem ef til vill er samstarfsmaður þess sem kærandinn er að kæra. Í Bretlandi hafa menn reynt að bregðast við slíkum aðstæðum og gefa kæranda tækifæri til að leggja fram kvörtun sína eða kæru á öðrum stað (þarf ekki að vera lögreglustöð). Þetta er þó ekki algilt um allt Bretland.

Til að almenningur hafi traust og trú á því að hann fái sanngjarna málsmeðferð á Íslandi þarf kerfið að vera opið og aðgengilegt. Einu upplýsingarnar um

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI
STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR
hagar
BYR
SPARISJÓÐUR



kærumóttöku fyrir almenning er að finna í fyrirmælum ríkissaksóknara og eru þær upplýsingar ætlaðar lögreglunni þótt þær geti að einhverju leyti nýst þeim sem ætlar sér að kæra starfsmann lögreglunnar. Hægt er að bæta þetta ferli með því að útbúa upplýsingar fyrir almenning og hafa þær aðgengilegar á heimasíðu lögreglunnar. Það sem þarf einnig að gera er að útbúa verklag fyrir lögregluna í heild vegna þeirra kvartana sem berast þar sem mál geta varðað skriflega aðfinnslu og agaviðurlög samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með auknu gegnsæi er einnig átt við að upplýsingar um kvartanir og kærur eru skráðar og varðveittar. Tilgangurinn með því að skrá þessar upplýsingar skipulega er m.a. að upplýsa almenning um fjölda þeirra á hverju ári. Ekki eru til reglur fyrir lögregluembættin um skráningu kvartana og er óljóst hversu margar berast árlega. Ríkissaksóknari gefur út, eins og fram hefur komið, upplýsingar um fjölda kærumála á hendur starfsmönnum lögreglunnar. Í Englandi/Wales og í Skotlandi er gefin út ársskýrsla með yfirlit yfir bæði kvartanir og kærur á hendur lögreglunni. Nöfn einstaklinga eru að sjálfsögðu ekki nefnd en ýmsar tölur má finna um fjölda mála, eðli þeirra, vettvang/umdæmi o.s.frv. Með því að gera þessar tölur opinberar er verið að auka gegnsæi auk þess sem lögregluembætti fá mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til að bæta þjónustu og starfsemi embættis.

### *Kvartanir og athugasemdir innan heilbrigðisþjónustunnar*

Eins og fram hefur komið er lögreglan ekki ein um að fá kvartanir, athugasemdir eða kærur vegna starfa sinna. Innan heilbrigðiskerfisins á Íslandi er mikil reynsla af meðferð slíkra mála sem rétt er að skoða. Hér áður fyrr starfaði kvartananefnd innan heilbrigðisþjónustunnar og gátu sjúklingar valið að beina kvörtun sinni til nefndarinnar eða landlæknis. Sú nefnd starfaði skv. lögum og áttu þrír menn sæti í henni, tilnefndir af Hæstarétti en skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmaður mátti vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar. Þetta fyrirkomulag var lagt niður árið 2007 og í staðinn var hlutverk landlæknis skilgreint nánar.

Stjórnsýslulega er skipulag lögreglunnar og heilbrigðisþjónustunnar nokkuð líkt að þessu leyti. Embætti landlæknis og ríkislögreglustjóra gegna svipuðu hlutverki stjórnsýslulega. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og fer m.a. með eftirlit með heilbrigðisþjónustu auk þess sem hann getur gefið almenn fagleg fyrirmæli. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra, hann getur gefið lögreglustjórum fyrirmæli og hefur eftirlit með starfsemi lögregluembættanna.

Fyrir vikið er ef til nærtækast fyrir lögregluna að taka upp það fyrirkomulag sem er innan heilbrigðiþjónustunnar um meðferð athugasemda og kvartana (ekki kæra). Ef slíkt fyrirkomulag væri tekið upp myndu athugasemdir vegna þjónustu lögregluembætta beinast til yfirstjórnar viðkomandi lögregluembættis. Vilji einstaklingur hins vegar kvarta vegna framkvæmda lögreglunnar getur hann borið erindi undir ríkislögreglustjóra. Sé þessi einstaklingur ekki sáttur við afgreiðslu ríkislögreglustjóra getur hann kært þá afgreiðslu stjórnsýslukæru til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Réttmæti úrskurða dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins getur einstaklingur borið undir umboðsmann Alþingis eða dómstóla. Gera þyrfti greinarmun á því hvað er athugasemd og hvað er kvörtun en kærumál yrðu eftir sem áður hjá ríkissaksóknara.

### *Markmið og næstu skref*

Með því að þróa kerfi sem er gegnsætt og aðgengilegt er verið að auka bæði traust almennings og starfs-

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

HREINSIBÍLAR
Hesthálsi 6 til 8 • 110 Reykjavík
Sími 551 5151 • GSM 841 0001
Hreinsibilar.is

Hringhotels
www.hringhotels.is

HS ORKA HF

Rannsóknarnefnd sjóslysa




manna lögreglunnar á skipulaginu. Kerfi eða verklag sem er handahófskennt, ógegnsætt og mismunandi milli lögregluembætta er ekki líklegt til að auka trú almennings á því. Einnig er mikilvægt að starfsmenn lögreglunnar geti treyst því að meðferð og úrlausn mála sé sanngjörn og réttlát.

Nefnt var hér að framan hvernig lögreglan getur tekið upp skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Til að koma í veg fyrir tortryggni og til að auka traust á ferlinu kann vel að vera að æskilegt sé að lögreglumenn séu ekki að rannsaka ætluð brot kollega þótt þeir starfi hjá öðru embætti. Hugsanlega væri hægt að setja upp rannsóknarnefnd (kvartananefnd) sem fer yfir og rannsakar kvartanir og kærur á hendur starfsmönnum lögreglunnar sem byggði á svipuðu fyrirkomulagi og rannsóknarnefnd umferðarslysa (RNU) svo dæmi sé tekið. Hjá RNU starfa óháðir sérfræðingar sem fara með rannsókn tiltekinna umferðarslysa, eitthvað því um líkt væri hægt að þróa á Íslandi um meðferð kvartana og kærumála á hendur starfsmönnum lögreglunnar.

Í þessari grein er fjallað í stuttu máli um ýmsa vankanta er snúa að verklagi um meðferð kvartana og kærumála á hendur starfsmönnum lögreglunnar. Skipulagið er að mörgu leyti ágætt en hægt er að gera betur með lítilli fyrirhöfn, eins og með skipulegri skráningu kvartana og birtingu þeirra opinberlega auk betri upplýsinga fyrir almenning um kvartana- og kæruferlið. Menn verða hins vegar að vera meðvitaðir um að slíkar breytingar munu að öllum líkindum kalla á fjölgun kvartana og kæra eins og í Bretlandi. Til lengri tíma litið ætti slíkt fyrirkomulag hins vegar að bæta störf lögreglunnar og auka traust á henni.

***Pétur Berg Matthíasson,***
***stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur,***
***starfar á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra***

gbó LÖGMENN
HÓTEL SJÓMANNAHEIMILIÐ ØRKIN
inter Medica.
LANDSLÖG LÖGFRÆÐISTOFA
KFC

# Forgangsakstur

## - þjálfunarátak lögreglunnar




**Það hefur ekki farið fram hjá lögreglumönnum að í gangi er átak í þjálfun lögreglumanna í akstri með forgangi (AMF). Að flestra mati er það löngu tímabært. Í þessari grein verður fjallað um verkefnið, leitast verður við að gera grein fyrir nokkrum helstu þáttum þess, leitað í smiðju leiðbeinenda um sjónarmið þeirra og nemendur á námskeiðinu spurðir álits.**

### *Eldri tímar*

Þrátt fyrir að vitað hafi verið um langt skeið að AMF er umtalsvert hættulegri en annar akstur hafa íslenskir viðbragðsaðilar ekki verið skyldaðir til að hljóta sérstaka þjálfun til að mega aka með forgangi. Í raun er það óbreytt enn í dag en umtalsverð viðhorfsbreyting hefur samt orðið . Þeir sem aka forgang í störfum sínum hafa einfaldlega lært af þeim sem fyrir voru í stéttinni og stuðst við reynslu, fyrirmæli o.fl. Meðan umferð var mun minni en nú er og gatna- og vegakerfið einfaldara má fullyrða að forgangsakstur var ekki eins vandasamur og, að jafnaði, ekki eins hættulegur og hann er nú. Engu að síður hafa orðið óhöpp og slys við AMF svo lengi sem „elstu menn muna“.

Forgangsakstur hefur ekki verið hluti af reglulegu námsefni Lögregluskóla ríkisins en um nokkurra ára skeið um og í kringum aldamótin síðustu voru lögreglunemar þjálfaðir í akstri á þrautabrautum og undir það síðasta þessa átaks voru þeir einnig þjálfaðir í forgangsakstri í umferð. Þjálfun önnuðust reyndir lögreglumenn sem gjarnan voru einnig ökukennarar að mennt. Bann var lagt við þessari þjálfun í almennri umferð og hún lagðist af árið 2002 en umfjöllun um AMF hefur engu að síður verið haldið inni í grunnnámi í bóklegum hluta þess og sk. góðakstur æfður.

### *Óhöpp og slys*

Á árunum 2006 til og með 2008 urðu samkvæmt upplýsingum frá embætti RLS 42 óhöpp og slys við forgangsakstur lögreglubifreiða. Í nokkrum tilfellum hefur litlu mátt muna að stórslys yrði. Árin 2006 og 2007 skáru sig úr því þá komu með stuttu millibili upp alvarleg atvik í forgangsakstri. Sú þróun sem þarna átti sér stað þurfti í sjálfu sér ekki að koma á óvart en það sem kom á óvart var að lítil umræða varð um þessar staðreyndir innan stéttarinnar og greinarhöfundi er kunnugt um að mikil umræða ætti sér stað um huga þyrfti að breytingum. Rétt er þó að geta þess að starfshópur ríkislögreglustjóra, sem í sitja fulltrúar frá LL, RLS og LRH, hefur skoðað hvert og eitt þessara tilvika en höfundi er ekki kunnugt um að niðurstöður eða tillögur til úrbóta séu birtar opinberlega svo draga megi af þeim lærdóm en starfshópurinn skilar viðkomandi lögreglustjórum skýrslu um hvert tilvik.

Örfá atvik, þar sem ekinn hefur verið forgangsakstur og óhöpp eða slys orðið, hafa komið til kasta dómstóla á liðnum árum og lögreglumenn og ökumenn sjúkrabifreiða þurft að sæta lögreglurannsókn, og síðan ákæru og dómsmeðferð, vegna atvika sem upp komu í forgangsakstri.

Forgangsakstur er hluti af daglegum verkefnum allra

lögreglumanna sem sinna almennum löggæslustörfum. Sú staðreynd að hann er hættulegur í eðli sínu gerir það nauðsynlegt að líta á hann út frá sjónarhorni öryggis og vinnuverndar ekki síður en frá sjónarhorni lög- og almannahagsmunagæslu.

### *Upphaf verkefnisins*

Stjórnendur Lögregluskóla ríkisins hafa, eins og að framan greindi, reynt að koma á framfæri upplýsingum og þjálfun í hefðbundnu lögreglunámi en í ljósi atvika sem urðu í AMF á árunum 2006 og 2007 hófst umræða innan skólans um að aðgerða væri þörf. Svo heppilega vildi til að á sama tíma voru tveir lögreglumenn í ökukennaranámi og unnu þeir lokaverkefni sitt um forgangsakstursþjálfun viðbragðsaðila í Noregi. Þeir kynntu skólastjóra LSR og ríkislögreglustjóra verkefnin og þau urðu hvatning til að málin yrðu skoðuð nánar.

Lögregluskólinn fór þess á leit við ríkislögreglustjórann að skipaður yrði starfshópur, undir stjórn skólans, sem gerði tillögu um þjálfun lögreglumanna skv. viðurkenndri aðferðafræði. Starfshópurinn var skipaður og hóf störf í janúar 2008 undir forystu Arnars Guðmundssonar skólastjóra en í honum eiga einnig sæti fulltrúar frá LRH og RLS sem og fulltrúi LL sem gefur ótvírætt til kynna að hér er um mál, sem teygir sig inn í stéttarfélag lögreglumanna, að ræða. Þá hefur þjónustustjóri bílamiðstöðvarinnar starfað með hópnum nánast frá upphafi og greinarhöfundur var tilnefndur verkefnisstjóri enda fer þetta fram á verksviði framhaldsdeildar LSR.

Eitt af því fyrsta sem starfshópurinn gerði var að spyrjast fyrir um það hjá lögregluliðum landsins hvaða augum stjórnendur þar litu verkefnið og hversu marga lögreglumenn þyrfti að þjálfa. Að lokinni þeirri könnun varð ljóst að um 350 manna hópur lögreglumanna frá öllum lögregluliðum landsins myndaði sk. forgangshóp. Starfshópurinn setti upp „þriggja ára plan" um þjálfun þessara 350 lögreglumanna en lagði til í áfangaskýrslu til ríkislögreglustjóra að við lok þess átaks hefði þjálfun í AMF hafist í grunnnámi LSR. Ríkislögreglustjóri samþykkti tillögur hópsins og veitti þeim stuðning sinn.

Í ljósi þeirrar undirbúningsvinnu sem fyrrnefndir ökukennaranemar höfðu unnið var áfram leitað til Noregs og til að gera langa sögu stutta var ákveðið að fá norska lögreglumenn, sem eru ökukennarar og með réttindi, til að kenna AMF, til að koma hingað til lands á vegum LSR og þjálfa upp hóp íslenskra lögreglumanna til að verða leiðbeinendur í AMF. LSR gerði samning um þetta viðfangsefni við norska lögregluháskólann (PHS) og á hans vegum komu fjórir þjálfarar hingað til lands vorið 2008 og héldu tveggja vikna langt leiðbeinendanámskeið fyrir 12 lögreglumenn frá 7 embættum (LSR, RLS, LRH, Suðurnes, Vestfirðir, Akureyri, Eskifjörður og Selfoss). Þeir sem sóttu leiðbeinendanámskeiðið voru tilnefndir af sín-



*Leiðbeinendurnir frá PHS. Dag, Björn, Rune og Frode.*




*Tímataka í þrautabraut*

um yfirmönnum í þetta verkefni og upphaflegar hugmyndir um þjálfun gengu út á að þeir myndu þjálfa samstarfsmenn sína, hver í sínum landshluta, sem sérstakir trúnaðarmenn LSR. Fljótlega var ákveðið að þiggja boð Norðmanna um að hópurinn kæmi til viðbótarþjálfunar í Noregi til að tileinka sér öryggi við forgangsakstur í vetraraðstæðum og fór hópurinn til Noregs í febrúar 2009 og var þar í þjálfun í eina viku.

### *Þjálfun lögreglumanna hefst*

Eftir að búið var að semja námskrá og skipuleggja þjálfun var leitað samstarfs við lögreglustjórann á Suðurnesjum til að „prufukeyra" þjálfunina hjá embættinu og var það leyfi góðfúslega veitt. Í desember 2008 voru þjálfaðir 22 lögreglumenn frá embættinu og komu allir þjálfararnir þar að og hófu að safna reynslu í þessu vandasama verkefni sem þjálfun í AMF er. Útbúinn

VÍNBÚÐIN
BÓNUS
HÉÐINN
Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
maritech



*Könnun hefur leitt í ljós að ekki er fráleitt að álykta að þjálfun 350 lögreglumanna í AMF kosti álíka mikla fjármuni og eitt alvarlegt umferðarslys myndi kosta samfélagið í beinhörðum peningum, að ógleymdum þjáningum, sem ekki er hægt að meta til fjár.*

hafði verið vandaður pakki af kennsluefni þar sem nemendur lærðu um nauðsynleg þekkingaratriði og í verklegum þætti var aðferðafræðin prófuð og árangur metinn. Þrátt fyrir frekar erfiðar veðurfarsaðstæður gekk tilraunaþjálfunin vel. Eftir hana var námsefnið endurskoðað lítið eitt og, í ljósi reynslunnar, ákveðið að leggja til að lengja námskeiðið um einn dag þannig að það yrði fjögurra daga langt og fólst lengingin því sem næst eingöngu í lengri verklegum þætti. Skipulögð voru 12 námskeið árið 2009 á yfirstandandi ári, 2010, er gert ráð fyrir álíka fjölda námskeiða. Nú, þegar þetta er ritað, hafa tæplega 200 lögreglumenn farið í gegnum þjálfunina.

Þjálfunin hefur undantekningarlaust gengið vel og nemendur komið jákvæðir til hennar. Þeir hafa lagt sig alla fram við að tileinka sér þá aðferðafræði sem verið er að kynna fyrir þeim.

Í blaðinu er einnig umfjöllun frá Hermanni Karlssyni, varðstjóra á Akureyri, sem er einn af þjálfurunum. Þar er gerð nokkur grein fyrir þeirri aðferðafræði sem verið er að innleiða og þjálfa lögreglumenn í að nota en í örstuttu máli má segja að hún felist í því að aka þannig að hin almenna umferð hafi tök á að vita af ökutækinu sem er í forgangsakstri, henni sé gefið hæfilegt svigrúm til að koma sér frá leið ökutækis í forgangi og um leið sé hert á öllum varúðarráðstöfunum við aksturinn, ökutækinu og umhverfinu hlíft og sparnaði náð í sliti og eldsneytisnotkun.

### *Framtíðin*

Ljóst er að með áframhaldandi hraða á verkefninu verður búið að þjálfa 350 lögreglumenn fyrir lok næsta árs. Búast má við að jöfnum höndum verði þjálfaðir lögreglumenn sem ekki tilheyra hinum eiginlega markhópi og stefnt er að því af hálfu starfshópsins að sem flestum lögreglumönnum standi þessi þjálfun til boða en það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig stjórnendur embættanna forgangsraða sínum fjármunum á hvaða hraða verkefnið vinnst.

Starfshópurinn hefur lýst því í áfangaskýrslum að rétt sé að stefna að því að skilyrt verði að þeir einir aki forgangsakstur sem lokið hafa þjálfun í honum og ekki er talið fráleitt að stefna að því að með tíð og tíma verði AMF sérstakur ökuréttindaflokkur líkt og er t.d. í Noregi. Því hefur verið unnið eftir því skipulagi að láta nemendur fara í gegnum mat á færni og einnig skriflegt próf, svo hægt sé að fullyrða að þeir hafi lokið námskeiði skv. námskrá Lögregluskólans ef yfirvöld kysu að leggja það til grundvallar AMF-ökuréttindum. En af því þessi hluti greinarinnar fjallar um framtíðina er rétt að komi fram að það er skoðun þeirra sem að þessu verkefni koma að allir sem aka forgangsakstur ættu að uppfylla sömu kröfur og aka eftir sömu hugmyndafræði og því er freistandi að leggja það til að AMF-námskeiðin verði haldin fyrir alla viðbragðsaðila en ekki einungis lögreglu.

### *Mat á árangri*

Það er ljóst að með þessu átaki hefur orðið vitundarvakning innan lögreglunnar, og einnig hjá öðrum viðbragðsaðilum, um þá ábyrgð sem fylgir AMF. Það eitt er árangur. Það má ekki síður greina árangur í því að allar tölur hingað til sýna að beinn fjárhagslegur ávinningur hefur verið af námskeiðinu. Það kostar

*Akureyri, 14.04.2010*

# *AMF – akstur með forgangi*

**„Raggi, þú átt að fara á AFM-námskeið í næstu viku." Svo hljóðuðu skilaboð aðstoðaryfirlögregluþjónsins til mín einn daginn.**

„Akstur með forgangi, er það ekki eitthvað sem væri æskilegra að senda þá sem starfað hafa mun styttra en ég? Ég er jú með yfir 20 ára starfsreynslu og búinn að aka nánast óteljandi forgangrakstra bæði hér á Akureyri og í henni Reykjavík," var svar mitt til aðstoðaryfirlögregluþjónsins.

**Dagur 1.** Byrjað var á bókinni. Góður fyrirlestur. Þar kom svo sem ekkert mikið nýtt fram sem ég ekki vissi um Volvo. En þegar var farið að tala um tæknina sem notuð er við aksturinn kom annað hljóð í strokkinn. Nota ljósin, ljóskastara og háu ljós lögreglubifreiðarinnar og beinskiptingu sjálfskiptingarinnar ( TIP TRONIC ) og minnka eftir mætti hljóðmerkjanotkun, er ekki allt í lagi með þessa menn? Við erum á sjálfskiptum ökutækjum enda komin á 21 öldina og látum bílana sjá um skiptinguna sjálfa enda er gírkassi þeirra til þess gerður. Nei nei, nota beinskiptinguna.

Eftir hádegi var farinn forgangsakstur um götur Akureyrar og nágrenni og nýja tæknin notuð sem gekk hálfbrösuglega (beinskiptingin) en þó.

